

verður orsök slyssins, varða við 200. gr. hinna almennu hegningarlaga. Refsing hans þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 20 daga einfalt fangelsi. En með tilliti til ungs aldurs hans þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Kristjáns Steingrímssonar bæjarfógetafulltrúa, er ákveðast kr. 100.00.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Oddur Ólafsson, sæti 20 daga einföldu fangelsi.

Refsingunni skal fresta og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 1907 eru haldin.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Kristjáns Steingrímssonar, bæjarfógetafulltrúa, kr. 100.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. maí 1939.

Nr. 27/1939. **Samábyrgð Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar**
(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Lárusi Fjeldsted f. h. eigenda og skipshafnar b/v Berkshire, Grimsby, og gagnsök (Theodor B. Lindal).

Póknun fyrir dráttaraðstoð skips.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. febr. þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 7. marz s. á. Hefur hann krafizt aðallega sýknu, en til vara, að upphæð sú, er dæmd kynni að verða, verði færð niður frá því, er í héraðsdóminum segir, eftir mati hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 14. marz þ. á. hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu 15. s. m., hefir krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8000.00 með 5% ársvöxtum frá 30. marz 1937 og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati dómsins. Loks krefst hann viðurkenningar dómsins á sjóveðrétti í v/b „Arnbjörn Ólafsson“ G. K. 512 til tryggingar framangreindum kröfum sínum.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó með þeim viðauka, að viðurkenna ber sjóveðrétt í v/b „Arnbjörn Ólafsson“ G. K. 512 til handa gagnáfrýjanda samkvæmt 4. tölul. 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Héraðsdómur í máli þessu er kveðinn upp þann 29. júní 1937. Þann 20. okt. s. á. skaut aðaláfrýjandi málinu til hæstaréttar og þann 26. s. m. var því gagnáfrýjað, en með því að venjulegur áfrýjunarfrestur var þá liðinn, hurfu aðiljar frá þeirri áfrýjun 30. jan. þ. á. og hófu þá málið. Með því að afla ekki áfrýjunarleyfa í öndverðu og með hinum langa drætti á að fá úr þessu bætt hafa umboðsmenn aðilja, hæstaréttarmálflutningsmennirnir Sveinbjörn Jónsson og Theódór B. Líndal, stofnað hagsmunum umbjóðenda sinna í hættu, þar eð þeir gátu tæplega

vænzt þess, að áfrýjunarleyfi yrði veitt, er svo langt var liðið, og verður því að víta þá fyrir vangæzlu þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að gagnáfrýjandi hafi sjóveðrétt í v/b „Arnbjörn Ólafsson“ G. K. 512 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. júní 1937.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þ. m., er með samkomulagi málsaðilja höfðað hér fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 30. marz s. l. af stjórn The Berkshire Fishing Co. Ltd., Grimsby, f. h. félagsins og skipshafnar á b/v „Berkshire“ gegn Carl Finsen, framkvæmdarstjóra, vegna Samábyrgðar Íslands á fiskiskípum f. h. Einars G. Sigurðssonar, Keflavík, eiganda v/b „Arnbjörn Ólafsson“, til greiðslu björgunarlauna að upphæð kr. 8000.00 með 5% ársvöxtum frá 14. des. 1936 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Ennfremur krefjast stefnendur þess, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b „Arnbjörn Ólafsson“ fyrir hinum tildæmdu kröfum.

Stefndur krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður, en til vara krefst hann þess, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun, vextir aðeins reiknaðir frá stefnudegi og málskostnaður verði þá aðallega látinn falla niður, en til vara mikið lækkaður.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 13. des. f. á., kl. 1 eftir miðnætti, fór vélbáturinn „Arnbjörn Ólafsson“, sem er 20 tonn að stærð með 4 manna áhöfn, í róður frá Keflavík, og lagði báturinn lóðir sínar ca. 16 sjómilur NV af Garðskaga. Kl. 9 f. h. var byrjað að draga inn lóðirnar,

en kl. 12.45, er skipverjar höfðu dregið inn 8 bjóð af 20, er þeir höfðu lagt, urðu þeir varir við, að skráfan slóst í eitthvað og missti báturinn þá ferðina. Við athugun kom í ljós, að skráfan hafði slegist í rekastaur með þeim afleiðingum, að skiptirör o. fl. hafði brotnað. Töldu skipverjar þá sýnilegt, að vélin yrði ekki notuð frekar að sinni og settu því upp segl og héldu í suðaustur. Samkvæmt skýrslu formannsins á vélbátnum hér fyrir réttinum var vindur þá NA—N og vindhraði talinn 5 vindstig.

Strax eftir að slys þetta hafði skeð, sendi formaður vélbátsins út hjálparbeiðni gegnum talstöð þá, er í bátnum var, og kl. 2.55 e. h. náði hann sambandi við loftskeytastöðina í Reykjavík. Skýrði formaðurinn þá frá því, hvernig komið væri, og beiddist aðstoðar Slysavarnarfélags Íslands, enda taldi formaðurinn þá vind vera vaxandi og sjó líka. Loftskeytastöðin í Reykjavík náði síðan sambandi við enskan togara, „Northern Duke“ frá Fleetwood, er fór til hjálpar vélbátnum og komst til hans um kl. 5. e. h. Tóku bátsverjar þá niður seglin, en skipverjar á togaranum gerðu sex tilraunir til að fleyta línu til vélbátsins á hjarghring, en allar þær tilraunir urðu árangurslausar. Meðan þessu fór fram, kom stórsjór á bátinn, sem tók burtu lúguna yfir vélarúminu, og kom þá svo mikill sjór niður í vélarúmið, að ljósavélin varð ónothæf. Talaði formaður vélbátsins nú aftur við loftskeytastöðina í Reykjavík og skýrði frá því, hve illa gengi að ná sambandi við b/v „Northern Duke“, og var honum þá sagt, að annar brezkur togari, „Berkshire“ frá Grimsby, væri á leiðinni til hans og væri þar íslenzkur fiskilóðs (Fishing Pilot) um borð. Skipstjórinn á togara þessum hefir í framlagðri skýrslu sagt, að þennan dag kl. 6. e. h. hafi hann verið staddur um 40 sjómilur suður af Snæfellsjökli á siglingu til nýrra fiskimiða, er honum hafi borizt hjálparbeiðni frá v/b „Arnbjörn Ólafsson“, og kveðst hann þá hafa breytt um stefnu (frá S til S—SV) í áttina til bátsins. Kom togarinn á staðinn kl. 7.15 e. h. og hóf þá tilraunir með að koma dráttartaug til vélbátsins. Ber aðiljum ekki saman um, hvernig þær hafi farið fram, því að formaður vélbátsins segir, að margir belgir með línu hafi verið látnir út frá togaranum og bátsverjar síðan náð í þær, en skipstjórnarnir á b/v „Northern Duke“ og „Berkshire“ segja, að linunni hafi verið kastað til vélbátsins um

leið og togarinn hafi siglt eins nærri bátnum og frekast var fært. En það er viðurkennt, að við aðra atrennu, um kl. 7.30—7.45, náðist samband við vélbátinn. Um þetta leyti telur bátsformaðurinn vindhraðann hafa verið um 9 vindstig og nokkura snjókomu, og hinir ensku togaraskipstjórar segja, að þá hafi verið norðaustan stormur og jeljagangur.

Eftir að öruggri dráttartaug frá togaranum hafði verið komið til vélbátsins, hélt togarinn af stað með vélbátinn í eftirdragi í áttina til Reykjavíkur, og var komið þangað heilu og höldnu kl. 6—8 f. h. næsta dag (14. des.) og lagzt fyrir utan hafnargarða. Eftir frásögu togaraskipstjórans kom tollbátur úr landi fyrst kl. 11.20 f. h. og dró hann vélbátinn inn á höfn, en togarinn hélt síðan af stað áleiðis til Englands.

Stefnendur þessa máls, sem eru eigendur og skipshöfn á b/v „Berkshire“, halda því fram, að með tilliti til þess, að v/b „Arnbjörn Ólafsson“ hafi í umrætt skipti verið staddur í ýtrustu neyð, að björgun hans, sem tókst fullkomlega, hafi verið erfið og hættuleg og beitt hafi verið við hana hinni beztu sjómennsku og verklægni, að b/v „Berkshire“ hafi tafízt nær sólarhring vegna björgunarinnar og þannig eytt meiri kolum en ella og misst af afla, að dragstrengi hafi b/v „Berkshire“ lagt til, og loks, að v/b „Arnbjörn Ólafsson“ hafi ásamt veiðarfærum o. fl. verið a. m. k. 30—32000 kr. virði, — þá sé það ljóst, að eiganda og vátryggjanda vélbátsins beri að greiða þeim björgunarlaun, er séu sanngjarnlega ákveðin kr. 8000.00. En þar sem þeir hafi reynzt ófáanlegir til þess, sé mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar réttarkröfur.

Aðalkröfu sína um sýknu byggir stefndur á því, að ráðendur b/v „Berkshire“ hafi lofað að veita vélbátnum aðstoð sína ókeypis. Skirskotar hann í þessu sambandi til þess, að formaðurinn á vélbátnum hefir borið það hér fyrir réttinum og einnig er það haft eftir honum í framlagðri grein í dagblaði hér í bænum um hrakninga vélbátsins, að þegar komið var hingað til Reykjavíkur, hafi hann spurt hinn íslenska fiskilóðs á b/v „Berkshire“, hverja borgun ætti að greiða fyrir þessa aðstoð, en hann hafi þá sagt, að drátturinn skyldi vera ókeypis, þar sem þeir hefðu ekki þurft að svara hafnargjöldum hér í Reykjavík.

Af hálfu stefnanda hefir því fyrst og fremst verið mótmælt, að umræddur maður hafi lofað þessu, og auk þess er því haldið fram, að þótt svo væri, hafi hann brostið alla heimild til slíkrar loforðsgjafar svo að bindandi væri fyrir eigendur og skipshöfn togarans, þar sem hann hafi engin slík ráð haft á skipinu.

Gegn þessum mótmælum stefnanda hefir stefndum ekki tekizt að færa sönnur á staðhæfingar sínar að þessu leyti, og verður því aðalkrafa hans um sýknu af þessum sökum ekki tekin til greina.

Kemur þá næst til athugunar varakrafa stefnds. Þessa kröfu sína um verulega lækkun á stefnukröfunum byggir stefndur í fyrsta lagi á því, að hér hafi aðeins verið um aðstoð að ræða, en ekki björgun.

Á þetta verður rétturinn að fallast. Að visu gat vélbáturinn engin not haft af vél sinni, rafljósinn höfðu slokknað og lúgan brotnað ofan af vélarúminu. Ennfremur telja báðir aðiljar, að hvasst hafi verið og mikill sjór um það leyti er b/v „Berkshire“ náði sambandi við vélbátinn. Hinsvegar verður að telja það upplýst að veður fór nokkuð fljótt batnandi þar á eftir, og með tilliti til stærðar vélbátsins og þess, að báturinn hafði allan stýris- og seglaútbúnað og legufæri sín í lagi, talstöð hans var nothæf, báturinn lekalaus og nógur vistir um borð, verður ekki litið svo á, að v/b „Arnbjörn Ólafsson“ hafi í umrætt skipti verið staddur í neyð, enda sést það af framlögðu vottorði frá veðurstofunni um veðrið á Reykjanesvita þennan dag, að undir landi hefir vindur verið miklu hægari og sjór minni, og samkvæmt framansögðu verður því að telja það sennilegt, að vélbáturinn hefði upp á eigin spýtur getað bjargað sér til lands.

Að þessu athuguðu verður hjálp sú, er b/v „Berkshire“ veitti vélbátnum, ekki talin björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna, og verða stefnendum því eigi dæmd björgunarlaun, og þar af leiðandi verður krafa þeirra um sjóveðrétt ekki tekin til greina, enda þótt telja verði, að þeir eigi kröfu til að fá þóknun fyrir aðstoð þá, er þeir létu vélbátnum í té.

Stefnendur hafa haldið því fram, að togarinn hafi tafizt hér um bil sólarhring vegna aðstoðarinnar við vélbátinn, og hafi það haft í för með sér aukna kolaeyðslu og afla-

tjón, þar sem togarinn hafi verið á leið til fiskimiða, er hjálparbeiðnin barst frá vélbátnum. En vegna þessarar tafar hafi þeir ekki getað bætt við sig frekari afla, heldur hafi þeir orðið að sigla strax áleiðis til Englands til þess að missa ekki af markaði þar.

Krefjast stefnendur þess, að m. a. verði tekið tillit til þessa við ákvörðun þóknunar fyrir aðstoðina við b/v „Arnbjörn Ólafsson“. Hafa þeir í þessu sambandi lagt fram vottorð frá fiskimálanefnd um verð á fiski í Englandi um þessar mundir og vottorð frá togaraskipstjórum um meðal-afla togara á sólarhring í Faxaflóa um þetta leyti.

Stefndur hefir hinsvegar mótmælt því að nokkurt tillit verði tekið til þess, bæði af því, að teljast verði útilokað, að togarinn hefði getað veitt nokkuð í því veðri, sem var um þessar mundir, og auk þess hafi ferðin til Reykjavíkur verið farin umfram alla nauðsyn og ekki að ósk formannsins á vélbátnum, er vildi fara til Keflavíkur, og sé það ljóst, að stefndur eigi ekki að gjalda þess aukna kostnaðar, sem sú ferð hafði í för með sér.

Samkvæmt framlögðu vottorði frá togaraskipstjóra getur það ekki talizt útilokað, að togarinn hefði getað veitt á þessum slóðum í veðri því, sem að framan er lýst, og verður því að gera ráð fyrir, að togarinn hafi misst af nokkrum afla vegna aðstoðarinnar við vélbátinn.

Hinsvegar verður að fallast á það með stefndum, að engin nauðsyn hafi verið á því að fara með vélbátinn alla leið til Reykjavíkur, og verður því ekki tekið tillit til þeirrar tafar og kostnaðar, sem af för þeirri leiddi fram yfir það að fara með bátinn til hinnar næstu öruggu hafnar, t. d. Keflavíkur.

Að þessu öllu athuguðu, svo og því, að aðstoðin var vel og rösklega veitt, að togarinn lagði til dráttarstrengi og að v/b „Arnbjörn Ólafsson“ mun a. m. k. hafa verið 30 þúsund króna virði með öllu, sem í honum var um þetta leyti, þykir þóknunin fyrir aðstoðina hæfilega ákveðin kr. 4500.00 auk vaxta, ér reiknast 5% p. a. og teljast frá stefnudegi.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefndum og gert að greiða stefnendum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Carl Finsen f. h. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum f. h. Einars G. Sigurðssonar eiganda v/b „Arnbjörn Ólafsson“, greiði stefnendum, eigendum og skipshöfn b/v „Berkshire“, kr. 4500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. marz 1937 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1939.

Nr. 11/1937 Jónas Sveinsson

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu f.
h. sýslusjóðs** (Jón Ásbjörnsson).

Skuldamál. Kröfum visað frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi greinargerðar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. febr. 1937, hefir krafizt þess aðallega, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 78.78, en til vara kr. 286.73, hvorttveggja með 6% ársvöxtum frá 28. sept. 1933 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að niðurstaða héraðsdóms um kröfur í aðalsök þessa máls í héraði er ekki véfengd, þá ber að staðfesta hana, þar á meðal um greiðslu málskostnaðar. En fyrir kröfum í gagnsök í héraði er